

Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 21. september 2021.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Hlíf Sturludóttir, Íva Rut Viðarsdóttir, Sigurbjörn Þórmundsson, Árni Geir Eyþórsson og Einar Gíslason.

1. Málafni hesthúsbyggðar á Hólmsheiði

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri hafa verið að vinna í málum hesthúsabyggðarinnar á Hólmsheiði og hvernig er hægt að leysa þá stöðu sem þar er. Tillögur eru kynntar og ræddar í stjórn. Unnið verður áfram með þessar tillögur.

Stjórn bókar að gjaldkeri hefur fullt umboð stjórnar til að vinna áfram að þessum málum.

2. Kaup á brokkspírum og öðrum þjálfunarbúnaði

Framkvæmdastjóri hefur fengið tilboð í áhöld til æfinga inni í reiðhöll frá fyrirtækinu Hestvænt. Um er að ræða brokkspírum og standa fyrir þær.

Framkvæmdastjóri mun sækja um styrk í Íþróttasjóð Rannís fyrir kaupunum en umsóknarfrestur rennur út 1. október næstkomandi.

3. Fatnaður fyrir Fáksfélaga

Framkvæmdastjóri leggur til að fundinn verði aðili heldur utan um sölu á Fáksúlpum og hugsanlega öðrum fatnaði til Fáksfélaga. Viðkomandi aðili myndi skoða hentugan fatnað og leita eftir tilboðum.

Þá myndi viðkomandi einnig leita eftir tilboði í keppnisfatnað en framundan er landsmót og hugsanlega einhverjir sem hafa áhuga á að uppfæra sinn keppnisfatnað.

4. Utanumhald með börn- og unglunga fyrir keppnisárið 2022

Stjórn hefur áhuga á að fá aðila til að halda utan um barna- og unglingastarfið næsta árið.

Framkvæmdastjóra er falið að hafa samband við tiltekinn aðila um hvort viðkomandi hafi áhuga á slíku verkefni.

5. Brunavarnir

Securitas hefur í árlegri úttektarskýrslu um brunavarnir gert nokkrar athugasemdir í félagsheimili Fáks. Setja þarf nýja reykskynjara í mæni félagsheimilisins auk þess sem uppfæra þarf yfirlitsmynd brunavarna. Búið er að hafa samband við verkfræði- og ráðgjafarstofuna Lotu um að koma og uppfæra yfirlitsmynd félagsheimilisins.

Í reiðhöllinni í Víðidal þarf einnig að laga merkingar brunavarna og uppfæra þær. Lotu gerði fyrri teikningar og mun sjá um að uppfæra þær með tilliti til þeirra breytinga sem hafa verið gerðar innanhúss.

Fundi slitið 18:25

Fundargerð ritaði Einar Gíslason